



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS


Sjúkratryggingar Íslands, húsnæðismál

SKILAGREIN

Desember 2018

Efnisyfirlit

| | |
|---------------------------------|---|
| Almennt um skilagreinar | 3 |
| 1 Upphaf verkefnis..... | 4 |
| 2 Húsrýmisáætlun..... | 4 |
| 3 Tilboð í leiguhúsnæði | 4 |
| 4 Leigusamningur | 4 |
| 5 Tengiliðir og samskipti..... | 4 |
| 6 Hönnuðir og eftirlit..... | 5 |
| 7 Byggingarframkvæmdir..... | 5 |
| 8 Verklök | 5 |
| 9 Staðfesting skilagreinar..... | 5 |



Mynd 1. Frá nýjum húsakynnum Sjúkrtrygginga Íslands við Vinlandsleið 6–8, 14 og 16.

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: „Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „skilagrein“ og „skilablað“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á verklegum framkvæmdum. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguhúsnæðis (leiguverkefni). Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði (leiguverkefni).



Mynd 2. Eitt af fjölnotarýmum Sjúkrtrygginga. Fundar- og næðisrími fjær.

1 Upphaf verkefnis

Verkefnið Sjúkrtryggingar Íslands – húsnæðismál var unnið að beiðni fjármála- og efnahagsráðuneytis. Beiðnin barst til Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) í október 2016.

Verkefnið fólst í að gera þarfagreiningu og húsrýmisáætlun fyrir starfsemi stofnunarinnar en fyrirhugað var að flytja þann hluta af starfsemi sem var við Laugaveg inn á Vínlandsleið. Einnig var verkefnið að skoða hvaða leigugjöld væru hugsanlega í boði við Vínlandsleið og í framhaldinu gerð leigusamnings.

Verkkaupi var fjármála- og efnahagsráðuneyti en verkefnið var unnið í samráði við fagræðuneyti, það er velferðarráðuneyti.

Tengiliður verkkaupa var Hrafn Hlynsson, sérfræðingur hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Verkefnastjórar hjá FSR voru Bergljót S. Einarsdóttir og Róbert Jónsson.

2 Húsrýmisáætlun

Lokið var við gerð þarfagreiningar og húsrýmisáætlunar í febrúar 2017. Helstu niðurstöður þarfagreiningar voru þær að flatarmál húsnæðisins þyrfti að vera um 5.100 fermetrar. Þáverandi húsnæði Sjúkrtrygginga var um 6.100 fermetrar þannig að um var að ræða um 1.000 fermetra sparnað í húsnæði.

3 Tilboð í leiguhúsnæði

Sest var að samningaborði við eiganda húsnæðisins við Vínlandsleið, Bergþór Jónsson, vorið 2017.

Húsnæðið er 5.081,5 fermetrar að stærð og er við Vínlandsleið 6–8, 14 og 16.

Niðurstaða viðræðna urðu þær að eigandi húsnæðisins samþykkti að endurskipuleggja húsnæðið samkvæmt hugmyndafræði um verkefnamiðað vinnuumhverfi. Í því felst að allir starfsmenn Sjúkrtrygginga eru í teymisrymum, það er hafa ekki fasta starfsstöð og skilja hverju sinni við hana eins og þeir komu að henni („free seating“ og „clean desk“ fyrirkomulag).

Sérstaklega er hugað að hljóðvist sem er mjög mikilvægt atriði í verkefnamiðuðu vinnuumhverfi.

4 Leigusamningur

Leigusamningurinn er tímabundinn til rúmlega 17 ára og óuppsegjanlegur nema aðilar verði sammála um annað. Hann gildir til 30. apríl 2035. Húsnæðið sem tekið er á leigu er 5.081,5 fermetrar.

Leigusamningurinn var saminn af fjármála- og efnahagsráðuneyti og FSR. Samningsaðilar eru Vínlandsleið ehf. og Sjúkrtryggingar Íslands. Samningurinn var undirritaður 27. júní 2017.

5 Tengiliðir og samskipti

Samkvæmt ákvæðum leigusamningsins voru nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu framkvæmdar af leigusala, Vínlandsleið ehf. Haldnir voru 17 hönnunar- og verkfundir meðan á framkvæmdum stóð. Framkvæmdir við húsnæðið gengu vel en eftirlit með þeim var á höndum Róberts Jónssonar, verkefnastjóra hjá FSR.



Mynd 3. Eitt af fjölnotarýmum Sjúkrtrygginga. Vinnustöðvar fjær.

6 Hönnuðir og eftirlit

Hönnuðir verkefnisins voru ASK arkitektar ehf. en þar var fremst í flokki Sigríður Halldórsdóttir, arkitekt og hönnuður, hvað varðar verkefnamiðað vinnuumhverfi.

Hljóðhönnun var á höndum Gígyu Gunnlaugsdóttur, verkfræðingi á hljóðvistarviði EFLU hf., og Steindórs Guðmundssonar, hljóðverkfræðingi hjá Verkís hf.

Leiguhúsnæði Sjúkrtrygginga Íslands við Vínlandsleið er, eins og áður hefur komið fram, skipulagt samkvæmt hugmyndafræði um verkefnamiðað vinnuumhverfi. Markmiðið með þessu skipulagi er meðal annars að tryggja starfsmönnum sveigjanlega vinnuástöðu í samræmi við ólík verkefni og breytilegar áherslur frá einum tíma til annars.

7 Byggingarframkvæmdir

Miklar breytingar voru framkvæmdar á skipulagi húsnæðisins þar sem um verkefnamiðað vinnuumhverfi var að ræða, samanber umfjöllun hér að framan. Helstu breytingar á húsnæðinu tengdust miklum kröfum sem gerðar voru til hljóðvistar. Þannig þurfti að rífa vegg og setja upp nýja ásamt því að skipta um gólfefni og kerfisloft í hluta af húsnæðinu. Einnig voru gerðar sérstaklega miklar hljóðkröfur til fundaherbergja, viðtals- og ráðgjafarherbergja, afdrepa og síma- og næðisrýma.

Framkvæmdir við húsnæðið hófust í júlí 2017 og þeim lauk í febrúar 2018.



Mynd 4. Hver starfsmaður á sinn munaskáp.

8 Verklök


Megin framkvæmdum við húsnæðið við Vínlandsleið lauk í febrúar 2018 en flutningi stofnunarinnar lauk í júní 2018 þegar lokið hafði verið við uppsetningu nýs húsbúnaðar.

Húsnæðið var afhent fullbúið í júní 2018.

9 Staðfesting skilagreinar

Undirrituð staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



www.fsr.is

